

dómi ber áfrýjanda að greiða hinum stefnda 15 kr., nema hann vinni umgetínn synjunareid, en ella falli hann niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Vinni áfrýjandi, Eggert Gunnarsson, ekki eið að því, að hann ekki hafi haft hin átöldu meiðyrði í frammi við hinn stefnda, Jón Ólafsson, skal hann greiða hinum stefnda 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi, en ella skal hann niður falla.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maímán.

Nr. 40/1884

Margrjet Hálfðánardóttir  
gegn

Þórarni Hálfðánarsyni og Sigriði Hálfðánardóttur.

Dómur:

Með stefnu, dags. 20. október f. á., hefur Margrjet Hálfðánardóttir á Oddsstöðum í Þingeyjarsýslu áfrýjað til yfirdómsins, að fenginni uppreisn, skiptum á dánarbúi móður sinnar, Hólmsfriðar Þórarinsdóttur, sem var lokið af skiptaráðandanum í Norðurmúlasýslu 22. septbr. f. á., og krafizt, að skiptin verði felld úr gildi, og skiptaráðanda boðið að skipta búinu á ný, eptir að hann hefur látið nýja og löglega uppskriptar- og virðingargjörð á því framfara, svo og að gjafa-

brjef hinnar látnu Hólmsfríðar Þórarinnsdóttur til handa syni hennar Þórarni Hálfánarsyni, sem fram hefur komið undir skiptunum, verði dæmt ómerkt í heild sinni eða að minnsta kosti ekki tekið til greina nema með þeim takmörkunum, ssm 22. gr. tilskip. 25. sept. 1850 leiðir með sjer.

Hin stefndu, systkyni áfrýjanda, Þórarinn Hálfánarson og Sigríður Hálfánardóttir, hafa ekki mætt, og enginn í umboði þeirra, og er þeim þó löglega stefnt. Ber því að dæma málið samkvæmt skjölum þeim og skilríkjum, sem lögð eru fyrir yfirdóminn.

Að því snertir gjafabrjef Hólmsfríðar Þórarinnsdóttur til sonar síns Þórarinns, þá er það þannig lagað, að hún hefur í því sjálf lagt virðingu á jarðir þær, sem hún gaf honum, og að því áfrýjandi segir, hana mjög lága, en þeir sem skrifuðu upp búíð og virtu eigur þess, hafa alveg sleppt þessum jörðum úr. Þetta gjafabrjef verður því alls ekki undir þessu máli tekið til álita. En með því skiptaráðandi ekki, eins og boðið er í 15. gr. skiptalaganna, hefur gefið þeim erfingjum, sem fjarstaddir voru, þar á meðal áfrýjanda, kost á að vera við uppskriptar- og virðingargjörðina, og búíð er skrifað upp og virt af hreppstjóra og einum manni öðrum, og fyrirmælum 16. gr. sömu laga þannig ekki er hlýtt, þar sem boðið er, að skiptaráðandi eða hreppstjóri fyrir hans hönd skuli gjöra það með tveimur vottum, er virða skuli eignir búsinns og leggja eið við, og loks — að sögn áfrýjanda — jarðarparti er alveg sleppt úr uppskriptargjörðinni, þá ber samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma öll skiptin á tjeðu búíð ómerk, og að skylda skiptaráðandann til að taka búíð til nýrrar og lög-

legri meðferðar þannig, að ný lögleg uppskriptar- og virðingargjörð, þar sem tilgreindar eru og virtar allar eigur búans — einnig þær jarðir, sem nefndar eru í gjafabréfinu — verði látin framfara og áfrýjanda ásamt hinum erfingjunum gefinn kostur á að vera þar við. Málskostnaður virðist, þar sem málinu er áfrýjað með uppreisn, eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða skiptagjörð á ómerk að vera, og ber skiptaráðandanum að taka búið til nýrra og löglegri skipta frá rótum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 18. maímán.

Nr. 13/1885

Rjettvísinn

gegn

Ólafi Árnasyni úr

Árnessýslu.

### Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur er lagður á þetta mál í landsyfirdóminum er nauðsynlegt, að útvegaðar sju þær ýtarlegri skýrslur er nú skal greina:

1. Í máli þessu er ekki komin fram fullnægjandi skýrsla frá hinum ákærða, nje vottorð hlutaðeigandi prests eptir kirkjubókunum um dvöl ákærða í Ölveshreppi. Svo vantar og vottorð hlutaðeigandi sýslumanns um, hvort hinn ákærði hafi sætt hegningu eða ákæru meðan hann dvaldi í Gullbringu- og Kjósarsýslu og öðrum lögsagnarumdæmum, sem hann kynni að hafa dvalið í.